

10. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 26. nóvember í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Drífa Árnadóttir, frá Akrahreppi
- Eyþór Einarsson, frá Akrahreppi
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi,
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Fundur settur kl. 8.33.

1. Fundargerð síðasta fundar

RR fór yfir fundargerð síðasta fundar sem var staðfest og verður birt á vefsíðu verkefnisins.

2. Greinargerð og álit samstarfsnefndar

RR fór yfir drög að álit samstarfsnefndar. Umræða fór fram um kjördag kosninga til sameiningar sveitarfélaganna og fyrirkomulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Stefnt er að því að kjördagur verði 19. febrúar en sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga taka ákvörðun um kjördag við síðari umræðu um tillöguna. Síðari umræða fer fram á fundi hreppsnefndar Akrahrepps þann 13. desember og í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 15. desember.

RR fór yfir greinargerð með forsendum tillögu nefndarinnar um sameiningu sveitarfélaganna. Tillaga að skipuriti nýs sveitarfélags var rædd og samþykkt af hálfu nefndarfólks. Umræða um áætlaðar fjárfestingar og þá sérstaklega fjölgun hjúkrunarrýma. Starfsfólk RR ráðgjafar mun leggja lokahönd á greinargerðina og senda nefndarfólki síðar í dag.

3. Kynningarmál

Drög að kynningaráætlun lögð fram og rædd. Lagt er upp með að fjórir íbúafundir verða haldnir í sveitarfélögunum tveimur en nákvæmar dagsetningar liggja ekki fyrir að svo stöddu. Þunginn í sjálfu kynningarstarfinu verður frá miðjum janúar og fram að kjördegi. RR ráðgjöf falið að afla tilboða vegna almannatengsla og auglýsinga.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 9:45. Næsti fundur nefndarinnar verður miðvikudaginn 1. desember kl. 8:30.

Fundargerð yfirfarin og staðfest.